



BS ritgerð
í viðskiptafræði

Verðtrygging
Áhrif afnáms á vexti og lánsframboð

Sveinn Magnússon

Leiðbeinandi Jón Snorri Snorrason, Lektor

Viðskiptafræðideild

Júní 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Verðtrygging
Áhrif afnáms á vexti og lánsframboð

Sveinn Magnússon

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði
Leiðbeinandi: Jón Snorri Snorrason, Lektor

Viðskiptafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
júní 2012

Verðtrygging - Áhrif afnáms á vexti og lánsframboð

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Sveinn Magnússon

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2012

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til Bs.c prófs í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Vægi ritgerðarinnar er 6 ECTS einingar. Vill ég þakka leiðbeinanda mínum, Jóni Snorra Snorrasyni fyrir aðstoð og ábendingar við skrif mín. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum, Magnúsi I. Steinþórssyni og Amalíu S. Guðmundsdóttur fyrir ómældan stuðning í háskólanámi mínu. Án þeirra hefði þetta ekki orðið að veruleika.

Útdráttur

Í meginatriðum fjallar ritgerð þessi um verðtryggingu og hvaða áhrif afnám hennar myndi hafa á vexti og lánsframboð á markaði. Farið er yfir sögu verðtryggingar á Íslandi og ástæður setningu Ólafslagana raktar. Horft er hlutlaust á kosti og galla verðtryggingar og samanburður á óverðtryggðum og verðtryggðum lánum gerður sýnilegur. Við útreikninginn sést að heildargreiðslur af óverðtryggðum lánum er lægri en af verðtryggðum og er munurinn meiri eftir því sem verðbólgan er hærrí. Aftur á móti er mánaðarleg greiðsla af verðtryggðum lánum töluvert lægri en óverðtryggðra vegna þess að vísitöluhækkunar færast á höfuðstól verðtryggðra lána.

Kröfur almennings um afnám verðtryggingar hafa verið háværar síðustu misseri. Hér að neðan er stuttlega reifað hvort afnám sé mögulegt og leiðir til framkvæmdar á afnámi kynntar, þar á meðal tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna.

Það er mat höfundar að afnáms myndi að öllum líkindum leiða til hækkunar á vöxtum ásamt því að minnka lánsframboð. Lánastofnanir væru tregar til að lána óverðtryggt til lengri tíma nema með áhættuálagi eins og eðlilegt þykir. Verðbólga hér á landi hefur verið óstöðug síðustu ár sem yrði til þess að auka áhættu lánastofnana á útlánum. Má því reikna með að áhættuálagið yrði í hærrí kantinum. Því mælir höfundur gegn því að afnám verðtryggingar verði að veruleika og bendir á að með því að hafa bæði óverðtryggða og verðtryggða lánamöguleika í boði muni lántakendur sjálfir hafa frjálssari hendur með hvaða leiðir henta þeim best.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Útdráttur	5
Efnisyfirlit	6
Myndaskrá	7
1 Inngangur	8
2 Hugtakið verðtrygging	9
2.1 Reikniaðferðir verðtryggingar	9
2.2 Tilgangur	9
2.3 Saga verðtryggingar á Íslandi	10
3 Er verðtrygging ósanngjörn eða ólögleg?	12
3.1 Kostir og gallar verðtryggingar	12
3.1.1 Kostir verðtryggingar	12
3.1.2 Gallar verðtryggingar	13
3.2 Vísitölutengingar verðtryggingar	14
4 Samanburður verðtryggðra/óverðtryggðra lána	16
4.1 Samanburður við 6,4% verðbólgu	16
4.1.1 Samantekt miðað við 6,4% verðbólgu	20
4.2 Samanburður við 2,5% verðbólgu	21
4.2.1 Samantekt lána miðað við 2,5% verðbólgu	23
4.3 Samantekt	23
5 Afnám verðtryggingar	25
5.1 Á að afnema verðtrygginguna?	25
5.2 Framkvæmd afnáms	26
5.3 Áhrif afnáms á vexti og lánsframboð	27
5.4 Samfélagsleg áhrif afnáms	27
6 Umræða	28
Heimildir	30
Viðauki 1 – Lánaútreikningur	32

Myndaskrá

Mynd 1: Sýnir 25 ára óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%.....	17
Mynd 2: Sýnir 25 ára óverðtryggt lán með jöfnum greiðslum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%.....	18
Mynd 3: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%.....	19
Mynd 4: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum greiðslum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%.....	20
Mynd 5: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 2,5%.....	22
Mynd 6: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 2,5%.....	23

1 Inngangur

Í ritgerð þessari er verðtrygging aðalumfjöllunarefnið. Markmiðið er að krefja hugtakið til mergjar og fara yfir reikniaðferðir. Saga verðtryggingar á Íslandi er mikilvægt efni og fjallað er um setningu Ólafslagana meðal annars.

Umfjöllunarefni þriðja kafla er ósanngirni og ólögmæti verðtryggingarinnar. Mikið hefur verið rætt síðustu misseri hvort verðtryggingin sé sanngjörn og við hvaða vexti og vísitölu eigi að miða, við útreikninga hennar. Helstu kostir og gallar verðtryggingarinnar eru reifaðir ásamt vísitölutengingum hennar frá 1979 til dagsins í dag.

Fjórði kafli snýr að samanburði óverðtryggðra og verðtryggðra lána. Sett eru upp tvenns konar mismunandi verðbólgu mið og miðað er við vexti sem bjóðast á fjármálamarkaði í dag. Ætlunin með útreikningi þessum er að veita lesanda yfirsýn á muninum á milli þessara lánamöguleika og skýra út hvaða breytur hafa mest áhrif. Taka skal þó fram að hér er höfundur að gefa sér forsendur við útreikninginn en reynt er að hafa þær sem næst raunveruleikanum.

Í fimmta kafla er fjallað um afnám verðtryggingar. Á að afnema verðtrygginguna, eins og háværar raddir í þjóðfélagsinu gera kröfu um? Er afnámið mögulegt, og ef svo er, hverjar verða afleiðingarnar og áhrifin? Þessum spurningum eru gerð greinarskil og lagt mat á möguleika afnáms og afleiðingar þess.

Markmið höfundar er að leggja raunsætt mat á hver áhrif verða á vexti og lánsframboð ef afnám verðtryggingar verður að veruleika.

2 Hugtakið verðtrygging

2.1 Reikniaðferðir verðtryggingar.

Við venjulegan óverðtryggðan lánaútreikning er gengið út frá því að nafnvextir séu samansettir úr summu af raunvöxtum, verðbólguvæntingum og áhættuálagi vegna óvissu um verðbólgu. Lítur formúlan svona út;

$$\text{Nafnvextir} = (1 + \text{raunvextir}) * (1 + \text{verðbólguvæntingar}) * (1 + \text{áhættuálag}) - 1$$

Af formúlunni má sjá að ef eitthver af þessum þremur breytum hækkar leiðir það til hækkunar nafnvaxta. Áhættuálag vegna verðbólguóvissu í framtíðinni hefur tilhneigingu til að vera hærra eftir því sem söguleg verðbólga árin á undan er hærri. (Seðlabanki Íslands, 2009)

Við verðtryggingu lána verður útreikningurinn af öðrum toga. Nafnvextir eru þá summan af raunvöxtum og mældri verðbólgu samkvæmt verðtryggingarákvæðum. Formúlan er einfaldari en fyrir óverðtryggða útreikninginn eins og sjá má;

$$\text{Nafnvextir} = (1 + \text{raunvextir}) * (1 + \text{mæld verðbólga}) - 1$$

Ef að spá um verðbólgu reynist rétt þá ættu verðbólguvæntingar að vera jafnt og mæld verðbólga (Seðlabanki Íslands, 2009). Áhættuálag vex með aukinni verðbólgu og lengri lánstíma og er meginástæða þess að sett eru inn ýmiskonar endurskoðunarákvæði í óverðtryggða lánasamninga líkt og óverðtryggð húsnæðislán eru endurskoðuð á 5 ára fresti.

2.2 Tilgangur

Megintilgangur verðtryggingar er að tryggja lánveitendum og sparifjáreigendum verðgildi peninga sinna þeir aðilar sem eru að lána út pening vilja að sjálfsögðu að verðgildi peninganna haldist út lánstímann, þ.e. séu varðir fyrir verðbólguáhrifum sem alla jafna rýra verðgildi þeirra. Auk verðtryggingar er þóknun til lánveitenda í formi vaxta. Vextir eru leigugjaldið sem lántakendur þurfa að borga fyrir að fá peninganna að láni (Landsbankinn, 2010).

Upphaf verðtryggingar má rekja langt aftur í tímann. Trúlega var það áður en menn fóru að nota peninga sem fullgildan gjaldmiðil og tíðkuðust þá vöruskipti. Sem lítið og

einfalt dæmi um verðtryggingu í sinni einföldustu mynd má ímynda sér litla sögu af bónda nokkrum. Sá fékk lánaða kú til mjalta hjá öðrum bónda og þótti það að sjálfsögðu mjög eðlilegt að bóndinn borgaði til baka með annarri kú. Jafnvel var umsamið bændanna á milli að heybaggi skyldi fylgja með sem gjald fyrir lánið. Þessa lánadæmisögu má færa upp á nútímann á þann hátt að ef einstaklingur fær lánaða 1 milljón króna hjá viðskiptabankanum sínum, þá á viðskiptavinurinn að borga til baka því sem nemur milljóninni að viðbættum vöxtum. En ef verðbólgan hefur nú verið að éta smá saman af verðgildi milljónarinnar yfir lánstíman, vill bankinn tryggja sig fyrir verðbólguáhrifunum. Lausn bankans er því að bæta við verðbólguálagi í formi vaxta við upphaf lánsamningsins eða að lántaki bæti bankanum upp þá rýrnun sem lánsfjárhæðin verður fyrir yfir lánstíman.

Þarna er verðtryggingu líst í sinni einföldustu mynd, að lánveitandinn sé tryggður fyrir því að verðgildi fjármagnsins haldist. Sú hugsun að lántaki beri alfarið ábyrgð verðlagspróunar hefur verið gagnrýnd hér á landi og hafa þær raddir orðið sífellt háværar í umræðunni.

2.3 Saga verðtryggingar á Íslandi

Fyrstu lán sem vitað er til að hafi verið verðtryggt hér á landi eru frá 1955, í húsnæðisfjármögnun. Árið 1964 voru spariskírteini gefin út og sett voru lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga 1966. Verðtrygging var síðan sett á hér á landi árið 1979 með lögum nr. 13/1979, sem hafa síðan gengið undir nafninu Ólafslög. Forsaga þessara laga er löng. Allan 8.ártug síðustu aldar var mikil verðbólga hér á Íslandi (Bjarni Bragi Jónsson, 1998). Reyndar var verðbólgan búin að vera há á 7. Áratugnum líka en árið 1971 tók hún stóran kipp og var stóran hluta áratugarins á bilinu 30-50%.

Afleiðingar svo hárrar verðbólgu til langs tíma, þar sem raunvextir voru ávallt neikvæðir var að sparnaður fólks brann upp mjög snögglega. Að sama skapi var gríðarleg eignamyndun hjá þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem höfðu tekið lán. Lánin brunnu upp eins snögglega og sparnaður almennings. Í þessari skringilegu eignamyndum sem varð til á þessum verðbólguárum, þá ákvað alþingi að grípa í taumana og setja lög (Tryggvi Þór Herbertsson, 2004).

Ólafslögin voru því einkonar neyðarúrræði til að koma á stöðugleika og sporna við því ástandi sem var í efnahagslíf landsins. Almennigur var búinn að missa trú á

bankakerfinu í ljósi þess að sparnaður þess var að brenna upp. Tilgangur lagana var að draga úr verðbólgunni og stuðla að atvinnuöryggi í landinu, sem hafði borið skipbrot árin á undan.

Verðbólgan tók þó ekki að lækka að neinu viti fyrir en árið 1984, þegar ákveðið var að færa vaxtaákvörðunarvaldið frá Seðlabanka Íslands yfir til viðskiptabankanna, þ.e. gefa vaxtafrelsi. Áður fyrir hafði vaxtaákvörðunin verið eingöngu á valdi Seðlabankans og var þetta því stórt skref í markaðsvæðingu bankakerfisins. Eftir ákvörðunina þá jókst traust almennings á bankakerfinu til muna, verðbólgan hríðlækkaði og raunvextir urðu jákvæðir (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2011).

Fyrst um sinn var verðtryggingin bundin við framfærsluvísitölu að 2/3 hluta og byggingarvísitölu að 1/3 hluta. Þannig var grunnurinn sem verðtryggingin miðaði við, allt til ársins 1989. Þá breyttist grunnurinn þannig að farið var að miða við framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu og launavísitölu og var hlutfall þeirra innan grunnsins jafnt. Breyting á grunninum varð svo aftur árið 1995, þegar farið var að miða eingöngu við vísitölu neysluverðs (Landsbankinn, 2010). Betur verður farið í vísitölur og áhrif þeirra á verðtryggingu seinna í ritgerðinni.

3 Er verðtrygging ósanngjörn eða ólögleg?

Setning verðtryggingar er sagt vera framfaraskref í rannsóknarskýrslu Alþingis (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Ekki eru þó allir sammála því. Guðmundur F. Jónsson bendir á í aðsendri grein sinni í Morgunblaðinu að verðtryggingin sé mögulega flókin afleiða og því ólögleg hér á landi eftir innleiðingu MiFID reglnanna. Þar á hann við að eftir innleiðingu reglnanna 2007 hafi verið ólögmaett að veita ný verðtryggð lán. Einnig bendir hann á að samkvæmt 13 gr. Laga nr. 38/2000 um vaxtalög séu afleiðusamningar undanþegnir þeim lögum. (Morgunblaðið, 2012).

3.1 Kostir og gallar verðtryggingar

Verðtryggingin er eins og áður segir umdeild meðal almennings og hefur umfjöllun í fréttamiðlum hallað frekar á neikvæðu hliðina heldur en þá jákvæðu. Það eru tekin viðtöl við fólk sem er að missa húsin sín, að þeirra sögn af stórum hluta út af verðtryggingunni og þar fram eftir götunum. Slík fréttaumfjöllun dregur upp ranga mynd af verðtryggingunni.

3.1.1 Kostir verðtryggingar

Vertrygging er góður kostur fyrir sparifjáreigendur sem vilja hafa örugga ávöxtun á sparifé sitt. Með því að geyma spariféð á verðtryggðum reikning eða bundna í ríkisskuldabréfum getur almenningur varið sig gagnvart verðbólgunni og verðgildi peninganna rýrnar ekki.

Lífeyrissjóðakerfið hér á Íslandi er skylt að notast við verðtryggingu. Samkvæmt 14 gr. Laga númer 129/1997, laga um lífeyrissjóði, þá á lífeyrir sem almenningur er skyldugur til að greiða mánaðarlega, 4% af launum að vera verðtryggður. Einnig skal miða við 3,5% ávöxtunarkröfu umfram breytingu á vísitölu neysluverðs, það er að krafa er gerð til lífeyrissjóðanna að skila 3,5% raunávöxtun á lífeyrir fólks (Lög um vexti og verðtryggingu).

Vextir á verðtryggðum lánnum eru lægri en á óverðtryggðum vegna minni áhættu lánveitanda gagnvart verðbólgebreytingum. Þessi trygging lánveitanda fyrir verðbólgebreytingum lækkar ávöxtunarkröfuna og getur þar með komið sér vel fyrir

lántakendur þegar verðbólgan á tilteknu tímabili er lægri en spár lánveitanda gera ráð fyrir. Það lýsir sér þannig að búíð er að gera ráð fyrir verðbólgunni í óverðtryggu lánunum og þeir vextir breytast ekki, hvort sem verðbólguþáin gengur eftir eður ei. (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2010)

Þegar kaupa á húsnæði er nauðsynlegt að líta til hvaða lánamöguleikar standa til boða. Nú er farið að bjóða uppá óverðtryggð húsnæðislán hjá lánastofnunum hér á landi en síðustu árin hefur það ekki verið í boði nema stutt lán á gríðarlega háum vöxtum sem almenningi hugnaðist ekki. Þegar um langtímalán er að ræða, 25-40 ára lán, þarf lántakandi að skoða vel þá möguleika sem í boði eru.

Ótvíræður kostur þess að taka verðtryggt lán með föstum vöxtum í stað óverðtryggðs láns með breytilegum vöxtum er greiðslubyrðin. Þar sem að óverðtryggða lánið er með breytilegum vöxtum sem taka verðbólguþá inn í dæmið, getur greiðslubyrðin sveiflast mikið. Þessar sveiflur má losna við með verðtryggðu láni sem gefur lántakanda eins konar vernd. Greiðslubyrðin er sveiflulítill þar sem sveiflurnar bætast aftan á höfuðstólinn, lántakandinn tekur eins konar viðbótarlán fyrir sveiflunum. Verðtryggði kosturinn hentar því flestum vegna stöðugleikans, við mikla hækkun breytilegra vaxta óverðtryggðs láns getur greiðslubyrðin orðið lántakanda ofviða (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2010).

3.1.2 Gallar verðtryggingar

Hátt vaxtastig hefur einkennt Ísland og má rekja til gjaldmiðilsins, krónunnar. Krónan er lítill og óstöðugur gjaldmiðill og hafa breytingar hans bein áhrif á verðlag hér á landi. (Bjarni Bragi Jónsson, 1998).

Langstærstur hluti íslenskra húsnæðislána er verðtryggð. Á síðustu árum hefur verðbólgan verið töluverð sem má rekja til að fyrri hluta síðasta áratugar var mikil þensla hér á landi, vöruskipti við útlönd voru neikvæð mörg ár í röð og hér voru miklar framkvæmdir í gangi. Þenslan þrýsti verðbólgunni upp, sem hafði bein áhrif á verðtryggðu lánin í gegnum vísitöluhækkunir. Það er ókostur við verðtrygginguna að á verðbólguþímum hækkar höfuðstóll lánanna, höfuðstólsbreytingin færir aftan á lánið til að mæta stöðugleika greiðslubyrðar.

Afleiðingin er sú að þar sem svo stór hluti heildar húsnæðislána landsmanna er verðtryggður, á sér stað neikvæð eignamyndun á verðbólgutímum eins hafa verið síðustu ár.

Það var vissulega galli á árum áður, að ef einstaklingur ætlaði að kaupa sér húsnæði, þá var ekki annað lán í boði en verðtryggt lán. Ástæða þess er að mikil áhætta er fyrir lánveitendur að lána óverðtryggt til svo langs tíma, allt að 40 ára. Rétt er þó að benda á að ef óverðtryggð húsnæðislán hefðu verið í boði á árunum 2001-2007, þá hefði greiðslubyrði þeirra lána verið töluvert hærri en þeirra verðtryggðu. Því er hægt að velta upp þeirri spurningu hvort almenningur hefði síður ráðið við afborganir eftir hrun ef lánin hefðu verið óverðtryggð. Greiðsluvandi heimila landsins hefði stóraukist.

Freistnivandi banka og lánastofnana er til staðar þegar land býr við verðtryggingu. Þegar lánveitandi er tryggður fyrir áhrifum sem verða vegna verðbólgebreytinga, er hann viljugri til að lána meira en ella. Áhættan er öll á lántakanum og því verður lánveitandi áhættusæknari í lánveitingum (Már Wolfgang Mixa, 2010).

3.2 Vísitölutengingar verðtryggingar

Frá því að Ólafslögin voru sett á árið 1979 hefur verið breytt um viðmiðanir við útreikning verðtryggingar þegar ástæða hefur þótt til.

Þegar lögin voru sett á 1979 var útreikningagrunnurinn samansettur úr tveimur vísitölum, annars vegar framfærsluvísitölu og hins vegar byggingarvísitölu. Framfærsluvísitala vó 2/3 hluta af grunninum og byggingarvísitala nam 1/3 hluta (Bjarni Bragi Jónsson, 1998).

Um áramótin 1988-1989 var ákveðið að breyta um vísitölur í útreikningagrunninum. Í stað framfærslu- og byggingarvísitölunum sem áður höfðu verið var ákveðið að bæta inn launavísitölu. Lækkaði hlutfall framfærsluvísitölnnar úr 2/3 hluta í 1/3 og vógu allar þrjár vísitölurnar jafnt, þriðjungur hver. Þessi grunnur var í daglegu tali kallaður lánskjaravísitala (Landsbankinn, 2010).

Þann 1. apríl 1995 var grunninum breytt enn einu sinni. Það var fest í lög um verðtryggingu að miða ætti einungis við framfærsluvísitöluna við útreikning verðtryggingar. Framfærsluvísitalan er sú vísitala sem í daglegu máli er kölluð vísitala neysluverðs (Landsbankinn, 2010).

Þar sem mikil hækkun var á vísitölu neysluverðs á fyrsta áratug þessarar aldar sem leiddi til hækkunar á höfuðstóli verðtryggðra lána. Már Wolfgang Mixa (2010) veltir upp þeirri hugmynd hvort bjóða ætti uppá þann möguleika að binda húsnæðislán við húsnæðisverð. Þá yrði ávallt samræmi milli eftirstöðva láns og verð húsnæðisins. Einnig myndi það leiða til minni verðbreytinga á fasteignaverði því fólk myndi draga úr lántökum við miklar verðbreytingar.

4 Samanburður verðtryggðra/óverðtryggðra lána

Þegar taka á húsnæðislán er að mörgu að huga. Lántakandi þarf að meta tekjuflæði sitt ásamt því að ákveða hvort hann ætli að leigja húsnæði, eða leigja fjármagn til kaupa á húsnæði (Helgi Tómasson, 2009). Nú nýlega hafa bankar farið að bjóða lántökum upp á þann valkost að taka óverðtryggð lán, en áður fyrr voru einungis verðtryggð lán á boðstólum. Ástæða þess kann að vera sú að húsnæðislán eru til langs tíma, yfirleitt til 25 ára eða 40 ára. Það er erfitt fyrir lánveitendur að áætla áhættuþætti sem fylgja láninu svo langt fram í tíman, og hafa því endurskoðunarákvæði á lánstímanum. Í þeim óverðtryggðu lánum sem í boði eru dag fylgir sú klausa að vextir lánsins eru endurskoðaðir á 5 ára fresti. Endurskoðunin minnkar áhættu lánveitandans þar sem þarf einungis að áætla 5 ár fram í tíman.


Greiðslubyrði húsnæðislána er misjöfn eftir lánaformum og hvaða forsendur eru gefnar við útreikninginn. Við samanburðinn hér er notast við þau kjör sem bjóðast á láni, sé það tekið í dag. Til viðmiðunar mun höfundur notast við tvær ólíkar verðbólguþáttir í samanburðinum. Fyrst er notast við verðbólgu eins og hún er í dag, í kringum 6,4% og síðan er notast við að verðbólgan fylgi eftir verðbólguþáttum Seðlabanka Íslands, 2,5%. Í báðum tilvikum er gengið út frá því að verðbólgan sé stöðug út lánstímann.

Fjórar mismunandi lánamöguleikar eru í boði, tveir verðtryggðir og tveir óverðtryggðir. Bæði verðtryggð og óverðtryggð lán er hægt að fá annars vegar með jöfnum afborgunum og hins vegar jöfnum greiðslum. Með jöfnum afborgunum er átt við að þá greiðir lántakinn ávallt sömu upphæð af höfuðstól og með jöfnum greiðslum er heildargreiðsla lántakans sú sama. Þá breytist hlutfall afborganahlutans og vaxtahlutans eftir því sem líður á lánstímann. Sjá má í viðauka ritgerðarinnar greiðsluráðir lánanna sem notast er við hér að neðan. Í viðaukanum er sýnt hvernig verðtryggt lán með jöfnum afborgunum er sett upp í Excel.

4.1 Samanburður við 6,4% verðbólgu


Fyrst er skoðað 20 milljón króna óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum til 25 ára. Vaxtakjör óverðtryggðra lána eru 6,95%. Á mynd 1 má sjá hvernig höfuðstóll lánsins

lækkar jafnt og þétt í gegnum lánstímann. Greiðslubyrðin er þó töluverð í svona láni, jöfn afborgun höfuðstóls nemur 66.667 kr. á mánuði og bætist vaxtahlutinn svo við. Heildargreiðslan verður því í upphafi 182.500 kr. Vaxtahlutinn lækkar svo stöðugt eftir því sem höfuðstóllinn lækkar. Heildargreiðsla lánsins nemur 37.432.917 kr. og er vaxtahlutinn 17.432.917 kr.




Mynd 1: Sýnir 25 ára óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%

Næsti lánaútreikningur er einnig óverðtryggt lán til 25 ára en nú eru greiðslur höfuðstóls jafnar. Vaxtakjörin eru líkt og hér að ofan 6,95%. Á mynd 2 má sjá hvernig greiðslubyrðin helst sú sama út allan lánstímann og hve höfuðstóllækkunin verður meiri og meiri eftir því sem líður á lánstíman. Í láninu er heildargreiðsla á mánuði 140.719 kr. út allan lánstíman. Í fyrstu greiðslu er afborgunarhlutinn 24.885 kr. og vaxtahlutinn 115.883 kr. en hlutföllin breytast svo strax í næstu greiðslu. Heildargreiðsla þessa láns er 42.215.565 kr. og nemur vaxtahlutinn 22.215.565 kr.




Mynd 2: Sýnir 25 ára óverðtryggt lán með jöfnum greiðslum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%

Nú er komið að verðtryggtu lánunum. Fyrst er skoðað 20 milljón króna verðtryggt lán til 25 ára með jöfnum afborgunum. Vextir verðtryggðs láns eru 4,3% sé það tekið í dag. Hér er gert ráð fyrir að verðbólgan haldist stöðug eins og hún er í dag, 6,4%. Á mynd 3 má sjá hvernig höfuðstóll og mánaðarleg greiðsla haga sér á lánstímanum. Borið saman við myndirnar af óverðtryggtu lánunum kemur í ljós að verðtryggð lán haga sér öðruvísi. Miðað við gefnar forsendur um að verðbólgan haldist 6,4% út lánstíman mun höfuðstóll lánsins hækka fram að gjalddaga 107, og mun verða hæstur 22.371.524 kr. Eftir þann tíma fer höfuðstóllinn lækkandi. Greiðslubyrði þessa láns fer hækkandi með tímanum. Við fyrstu greiðslu er heildargreiðslan 139.050 kr. og þar af er 67.012 kr. afborgun af höfuðstól. Heildargreiðsla lánsins er 67.526.893 kr., þar af eru afborganir höfuðstóls alls 48.040.359 kr. og vaxtahlutinn því 19.486.534 kr.



Mynd 3: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%

Næst er að skoða verðtryggt 20 milljón króna lán með jöfnum greiðslum og sömu forsendum og hér að ofan, þ.e. vextir 4,3% og gert er ráð fyrir að verðbólgan verði 6,4% út lánstímann. Eins og mynd 4 gefur til kynna þá er greiðslubyrðin mjög lág í upphafi en hækkar þegar líður á. Á fyrsta gjalddaga er heildargreiðslan 109.473 kr. Höfuðstóllinn fer hækkandi alveg þangað til á gjalddaga 153 en fer hratt lækkandi eftir það. Hæst stendur höfuðstóllinn 27.410.745 kr. Heildargreiðsla lánsins er að lokum 78.479.924 kr. og þar af eru afborganir af höfuðstól 54.697.831 kr. og vaxtahlutinn því 23.782.093 kr.



Mynd 4: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum greiðslum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 6,4%

4.1.1 Samantekt miðað við 6,4% verðbólgu

Hér að ofan sést að ef tekið er óverðtryggt lán í stað verðtryggðs við þessar aðstæður verður heildargreiðslan mikið lægri. Sé tekið óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum í stað samskonar verðtryggðs láns borgar lántaki 30.039.976 kr. minna að lokum. Taka verður þó tillit til þess að greiðslubyrðin er mikið lægri á verðtryggða láninu, sem getur verið stór kostur fyrir lántakan þar sem hann lendir síður í greiðsluvanda. En aftur á móti kostar það til langs tíma að færa vísitölubreytingar á höfuðstólinn eins og sést á heildargreiðslunum. Við þessar aðstæður hér að ofan myndi verðtryggði kosturinn henta langflestum heimilum, þar sem greiðslubyrðin er lág og stöðug yfir tímann.


Séu borin saman verðtryggða og óverðtryggða lánið með jöfnum greiðslum kemur í ljós að á endanum er verðtryggða lánið 36.264.359 kr. dýrara en það óverðtryggða. Þó er sama með þessi lán líkt og þau með jöfnum afborgunum að verðtryggða lánið ber töluvert mikið lægri greiðslubyrði í upphafi, hér er munurinn 31.246 kr. Þegar líður á lánstíman minnkar þessi munur og eins og sjá má á mynd 3 hér að ofan þá hækkar greiðslubyrði verðtryggða lánsins jafnt og þétt.

4.2 Samanburður við 2,5% verðbólgu

Við breyttar forsendur má búast við annarri útkomu. Ef gefnar forsendur við útreikninga á 20 milljón króna láni eru vextir eins og Arion banki gefur í dag, en í stað þess að búast við stöðugri 6,4% verðbólgu út lánstímann er gert ráð fyrir að verðbólguþéttmið SÍ gangi eftir, 2,5%.


Óverðtryggðu útreikningarnir verða þeir sömu og hér að ofan á mynd 1 og mynd 2. Taka verður þó inn í myndina að í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir að óverðtryggðu lánin séu tekin til endurskoðunar eftir 5 ár.

Verðtryggt lán með jöfnum afborgunum til 25 ára að upphæð 20 milljónir króna með 4,3% vöxtum og gefið er að 2,5% verðbólguþéttmið SÍ gangi eftir lítur út eins og sjá má á mynd 5. Eftirstöðvar lánsins lækka jafnt og þétt yfir lánstíman, ólíkt því sem var í útreikningi hér að ofan við 6,4% verðbólgu. Greiðsluflæðislínan er þó með öðru sniði en áður. Heildargreiðsla í upphafi er 138.618 kr. en fer hækkandi og verður hæst 140.896 á gjalddaga 95. Þessi hækkun þó óveruleg, ekki nema rúmlega 2 þúsund krónur. Eins og sjá má á mynd 5 þá fer heildargreiðslan á mánuði lækkandi eftir það. Þegar lánið hefur verið greitt hefur lántaki samtals greitt því sem nemur 41.108.563 kr. Þar af er vaxtahluti 13.413.705 kr. og afborganir af höfuðstól þá 27.694.858 kr.



Mynd 5: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðslufæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 2,5%

Sé aftur á móti um að ræða verðtryggt 20 milljón króna lán með jöfnum greiðslum og sömu forsendum hér að ofan, breytist bæði greiðslufæðisferillinn og afborgunarferillinn. Höfuðstóllinn lækkar hægt í upphafi en hraðar eftir því sem á líður lánstíman. Fyrsta greiðslan nemur 109.133 kr. Af þeirri upphæð nemur afborgunarhlutinn 37.452 kr. og vaxtahlutinn 71.681 kr. Mánaðargreiðslurnar fara hækkandi eftir því sem líður á, jafnvel þrátt fyrir að um lán með jöfnum greiðslum sé um að ræða. Útskýringin á því er sú að þegar um verðtryggt lán er að ræða, þá færast sú hækkun sem verður vegna breytinga á vísitölu neysluverðs beint á höfuðstól lánsins til hækkunar. Heildargreiðsla þessa láns 45.247.007 kr. sem er rúmum 4 milljónum meira en ef um verðtryggt lán með jöfnum afborgunum væri að ræða. Afborgunarhluti lánsins nemur 29.306.657 kr. og vaxtahlutinn þá 15.936.350 kr.



Mynd 6: Sýnir 25 ára verðtryggt lán með jöfnum afborgunum, eftirstöðvar þess og greiðsluflæði á lánstímanum. Verðbólga hér er 2,5%

4.2.1 Samantekt lána miðað við 2,5% verðbólgu

Hér að ofan sést samanburður á lánum þegar verðbólgan er lág. Miðað var við 2,5% verðbólguþstig. Við þessa útreikninga er gengið út frá þeim forsendum að vaxtakjörin séu þau sömu og á markaðnum í dag. Séu samskonar verðtryggt og óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum borin saman sést að enn verður heildargreiðsla óverðtryggða lánsins minni, eða sem um nemur 3.675.646 kr. Hér í samanburðinum að ofan við 6,4% verðbólgu sáum við að munurinn var mikið meiri. Muninn má einfaldlega útskýra með verðbólguáhrifum á höfuðstól verðtryggða lánsins. Á myndunum má svo lesa út að mánaðarleg greiðslubyrði er mun lægri í upphafi á verðtryggða láninu eins og tíðkast.

Að sama skapi má sjá við samanburð lánanna með jafnar greiðslur að enn er óverðtryggða lánið ódýrara þegar upp er staðið, sem nemur 3.031.442 kr.

4.3 Samantekt

Af samanburði lánanna hér að ofan þar sem gefnar voru tvær mismunandi aðstæður í efnahagslífinu má sjá gróflega muninn á verðtryggða og óverðtryggða kostinum. Vissulega er ekki hægt að heimfæra þessa útreikninga algjörlega yfir á raunveruleikan, einungis var notast við þær vaxtaþrósentur sem eru í boði á markaðnum í dag og jafnframt gert ráð fyrir að verðbólgan haldist stöðug í öllum útreikningum. Til að gera

samanburðinn enn nær raunveruleikanum hefði mátt taka inn í útreikninginn möguleikann á að óverðtryggðu lánin séu endurskoðuð á 5 ára fresti. Við þann útreikning myndi vaxtaþrósetan að öllum líkindum hækka og þá yrði munurinn á heildargreiðslum lánanna minni en ella.

